

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

1. gr.

A-liður 6. tölul. 1. gr. orðast svo: Þjóðaröryggisráð.

2. gr.

Við 6. tölul. 2. gr. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

1. Á eftir b-lið 2. tölul. koma tveir nýir stafliðir, c- og d-liðir, sem orðast svo:
 - c. Tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist.
 - d. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.
2. H-liður 8. tölul. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

1. 29. tölul. orðast svo: Ríkisborgararétt.
2. 30. tölul. orðast svo:

Málefni útlendinga, að frátöldum atvinnuleyfum, þar á meðal:

 - a. Útlendingastofnun.
 - b. Kærunefnd útlendingamála.

5. gr.

Á eftir 3. tölul. 6. gr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Eftirlit með timbri og timburvörum.

6. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. október 2016.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.